

Sjálfsmatsskýrsla

2016 - 2017

Menntaskóli Borgarfjarðar



Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Lýsing á starfsemi skólans	4
2.1	Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar 2013-2017	4
2.1.1	Staða og styrkur	4
2.2	Hlutverk og megináherslur	4
2.3	Framtíðarsýn	5
2.4	Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:	6
2.5	Sérstaða	7
2.6	Umfang skólans skólaárið 2016 - 2017	7
2.6.1	Nemendur	7
2.6.2	Starfsfólk	7
2.6.3	Kennslustundir og áfangar	8
3	Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar	9
3.1	Greining á tölulegum gögnum	9
3.1.1	Kennarar	9
3.1.2	Nemendur	10
3.2	Kannanir	10
3.2.1	Kennslumat	10
3.2.2	Viðhorfskönnun útskriftanema	11
3.2.3	Leiðsagnarmat í MB – hvernig hefur okkur miðað?	20
3.2.4	Gæðagreinar - (How good is our school?)	21
3.2.5	Gæðagreinar á skólaárinu 2016 - 2017	23
3.2.6	Matsfundir	37
3.2.7	Starfsmannakönnun – apríl 2017	38
3.2.8	Skólasamningur - markmið	40
3.2.9	Stefnumótun	40
3.3	Skýrslur	41
3.3.1	Námsráðgjöf	41
4	Samantekt og næstu skref	41
5	Lokaorð	41
6	Fylgiskjöl	43

1 Inngangur

Hverjum framhaldsskóla landsins er gert að meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli framhaldsskólalaga nr. 92/2008 þar sem segir í 40. gr. :

Markmið mats og eftirlits með gæðum í framhaldsskólum er að:

- a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks framhaldsskóla, viðtökuskóla, atvinnulífs, foreldra og nemenda,
- b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár framhaldsskóla,
- c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,
- d. tryggja að réttindi nema séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Í 41. gr. framhaldsskólalaga segir um innra mat: „Hver framhaldsskóli metur með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 40. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á. Framhaldsskóli birtir opinberlega upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur.”

Tilgangurinn með sjálfsmati er því fyrst og fremst að bæta og efla skólastarfið, meta hvort markmið skólans hafi náðst, benda á það sem vel er gert og finna leiðir til þess að bæta það sem betur má fara.

Í þessari skýrslu um sjálfsmat í MB er greint frá markmiðum og stefnu skólans ásamt vinnu við sjálfsmat á skólaárinu 2016 - 2017. Megin áhersla í sjálfsmati skólaársins var á lykilþætti þrjú, níu og fimm ásamt starfsmannakönnun og matsfundum bæði á haust- og vorönn. Fundur starfsfólks um stefnumótun var haldinn í október 2016 og í nóvember sama ár var unnið að könnun um leiðsagnarmat skólans.

2 Lýsing á starfsemi skólans

2.1 Stefna Menntaskóla Borgarfjarðar 2013-2017

2.1.1 Staða og styrkur

Menntaskóli Borgarfjarðar er áfangaskóli sem býður upp á fjórar bóknámsbrautir til stúdentsprófs, opna braut, félagsfræðabraut, náttúrufræðibraut og íþróttabraut. Innan náttúrufræðibrautar geta nemendur valið að taka búfræðisvið og innan íþróttabrautar geta nemendur valið um félagsfræðasvið eða náttúrufræðisvið. Nám til stúdentsprófs er skipulagt sem þriggja ára nám. Nemendur geta einnig valið framhaldsskólabraut þar sem áhersla er á undirbúning undir nám á stúdentsprófsbraut, annað nám eða eftir atvikum þátttöku í atvinnulífi. Við skólann er starfrækt starfsbraut fyrir nemendur sem hafa greiningu fagaðila og geta ekki nýtt sér annað nám við skólann. Nám á starfsbraut tekur fjögur ár.

Menntaskóli Borgarfjarðar á í margvíslegu samstarfi við nærsamfélagið. Menntaskóli Borgarfjarðar er í samstarfi við Fjölbautaskóla Snæfellinga og er aðili að Fjarmentaskólanun. Skólinn er í samstarfi við skóla á norðurlöndunum um styrki til þróunarstarfs og gagnkvæmra námsferða.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur frá upphafi haft framsækni að leiðarljósi og farið ótroðnar slóðir í kennsluháttum og námsmati. Við skólann eru engin lokapróf, þess í stað er áhersla lögð á verkefnavinnu og smærri próf. Námsmat skólans er í formi leiðsagnarmats. Skólinn er lítill og einkennist af persónulegum samskiptum. Aðstaða til náms og félagsstarfs er mjög góð í skólanum.

2.2 Hlutverk og megináherslur

Menntaskóli Borgarfjarðar starfar samkvæmt aðalnámskrá og lögum um framhaldsskóla og öðrum lögum og reglugerðum sem varða starfsemi framhaldsskóla. Í skólanum er leitast við að efla alhliða þroska allra nemenda og búa þá undir virka þátttöku í fjölbreyttu nútímasamfélagi, störf í atvinnulífi og áframhaldandi nám.

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur að leiðarljósi grunnþætti menntunar: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.

Í skólanum er leitast við að mæta ólíkum áhugasviðum og hæfileikum nemenda, víkka sjóndeildarhring þeirra, styrkja gagnrýna og skapandi hugsun, leggja rækt við persónulegan þroska og siðgæðisvitund og efla mannskilning, tillitsemi og virðingu fyrir fólki og umhverfi.

Einkunnarorð MB eru; *Sjálfstæði - Færni - Framfarir* og kristallast viðhorf vinnunnar í skólanum í þessum kjörorðum.

Sjálfstæði: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að efla sjálfstæði, frumkvæði og skapandi hugsun meðal nemenda. Áhersla er lögð á sjálfstraust og sjálfstæði í vinnubrögðum. Skólinn hvetur nemendur til að setja sér sín eigin markmið með náminu.

Færni: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á færni og kunnáttu nemenda á fjölbreyttum sviðum. Nemendur eru þjálfaðir í þekkingarleit. Áhersla er á að efla nemendur sem einstaklinga og námsmenn þannig að þeir verði færari um að takast á við verkefni við krefjandi aðstæður.

Framfarir: Í Menntaskóla Borgarfjarðar er lögð áhersla á að með auknu sjálfstæði nemenda og færni verði stuðlað að sem mestum framförum nemandans. Skólinn hvetur nemendur til góðrar ástundunar, vandaðra vinnubragða, virkni í námi og félagslífi.

2.3 Framtíðarsýn

Nám og og gæði kennslu

- Framtíðarsýn Menntaskóla Borgarfjarðar er að vera leiðandi skóli í þróunarstarfi sem leggur áherslu á framsækni og fjölbreytni í kennsluháttum og námsmati.
- Skólinn vill búa nemendum fjölbreytt námsumhverfi með áherslu á verkefnamiðað nám.
- Þá er það stefna skólans að styrkja enn frekar góð tengsl við nærsamfélagið og auka tækifæri nemenda í gegnum alþjóðlegt samstarf.
- MB leggur áherslu á að styrkja og efla námsframboð til að koma til móts við þarfir og áhuga nemenda á upptökusvæði skólans.

Nemendur

- Skólinn vill stuðla að ábyrgð nemenda á eigin námi og að fyrirkomulag náms stuðli að góðri ástundun.
- Áhersla er á að skólabragur sé jákvæður og lýðræðislegur. Að samvinna einkenni lausn viðfangsefna. Að persónuleg samskipti, skapandi hugsun, jafnrétti, góð liðan og virðing fyrir einstaklingnum einkenni skólabraginn.
- Áhersla er lögð á heilsusamlega umgjörð um skólastarfið og að andleg, líkamleg og félagsleg velferð nemenda sé höfð að leiðarljósi.

Stjórnun

- Allur rekstur skólans, aðbúnaður, þjónusta og velferð nemenda og starfsmanna sé til fyrirmyndar.

2.4 Markmið Menntaskóla Borgarfjarðar eru að:

Nám og gæði kennslu

- skólinn leggi metnað sinn í að hafa ávallt vel menntað og metnaðarfullt starfsfólk sem gerir kröfur til sín og nemenda
- efla starfsþróun kennara
- veita kennurum svigrúm til sjálfstæðis og frumkvæðis í starfi
- fylgjast vel með því sem hæst ber á sviði uppeldis- og kennslumála
- nemendur fái ávallt gæða stoðþjónustu við sitt hæfi
- skapa gott starfsumhverfi fyrir nemendur og starfsfólk
- starfshættir mótist af umburðarlyndi og jafnrétti, virðingu, lýðræðislegu samstarfi og ábyrgð
- að námið veiti bæði fræðilega og hagnýta þekkingu
- auka tengsl við nærsamfélagið með áherslu á samvinnu og samstarf við skóla og fyrirtæki í héraðinu

Nemendur

- nemendur hafi aðgang að öflugri stoðþjónustu
- styðja við námshvöt nemenda, rækta námsgleði og vinnuanda
- efla frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð nemenda
- raddir nemenda séu virkur þáttur í starfi skólans
- styðja betur við félagslíf nemenda
- sérhver nemandi hafi tækifæri til að rækta sína hæfileika og ná góðum árangri

Stjórnun

- fjármál og rekstur skólans einkennist af gagnsæi og jafnvægi
- aukin áhersla verði lögð á að kynna námsframboð skólans
- nota innra mat með markvissum hætti til umbóta í skólastarfi

2.5 Sérstaða

Menntaskóli Borgarfjarðar hefur leitast við að marka sér sérstöðu með eftirfarandi hætti:

- skólinn er lítill og persónulegur
- nemendur ljúka stúdentsprófi að jafnaði á þremur árum
- formleg annarpróf í desember og maí eru ekki til staðar
- leiðsagnarmat er viðhaft í öllum áföngum
- nemendur fá endurgjöf á nám sitt og vinnu á fimm vikna fresti (vörður) og í verkefnum
- mikil áhersla er lögð á verkefnavinnu
- skólinn leitast við að nota upplýsingatækni þar sem kostur er

2.6 Umfang skólans skólaárið 2016 - 2017

2.6.1 Nemendur

Nemendur sem innrituðust í skólann haustið 2016 voru 140 og á vorönn 2017 var örlítil fækkun eða 138 nemendur. Á vorönn 2017 voru brautskráðir 24 nemendur frá MB.

2.6.2 Starfsfólk

Á vorönn 2016 starfa við skólann 10 kennarar, tveir stjórnendur, einn fjármálastjóri, einn umsjónarmaður starfsbrautar (kennari líka), námsráðgjafi, skólafulltrúi, tölvuumsjónarmaður, stuðningsfulltrúi, húsvörður, matráður og ræstitæknir. Heildarfjöldi starfsmanna er 21.

2.6.3 Kennslustundir og áfangar

Taflan hér að neðan sýnir fjölda áfanga, hópa og kennslustunda skólaárið 2016 – 2017.

Tafla 1 - fjöldi kenndra áfanga, hópa og kennslustunda 2016 - 2017


	Haust 2016			Vor 2017		
	áfangar	hópar	tímar	áfangar	hópar	tímar
Íslenska	3	5	28	3	5	28
Stærðfræði	4	5	28	4	5	28
Erlend tungumál	7	11	62	7	11	62
Samfélagsgreinar og lokaverkefni	7	7	32	7	7	32
Náttúrufræðigreinar	6	6	32	5	5	27
Viðskiptagreinar og upplýsingatækni	2	3	13	2	2	8
Heilbrigðis- og íþróttagreinar	6	4	16	6	6	23
Heilsurækt	4	4	4	4	4	4
Samtals	39	45	215	38	45	212

3 Sjálfsmat í Menntaskóla Borgarfjarðar

3.1 Greining á tölulegum gögnum

3.1.1 Kennarar

Menntun kennara við Menntaskóla Borgarfjarðar er nokkuð góð. Allir fastráðnir kennarar eru með kennsluréttindi. Stefna skólans er að vera með vel menntaða kennara í vinnu. Að þessari stefnu hefur verið unnið með því annars vegar að auglýsa eftir og ráða vel menntaða kennara til starfa og hins vegar með því að hvetja og styrkja starfandi kennara skólans til framhalds- og endurmenntunar.



Mynd 1. Menntun kennara 2012 – 2017.


Á mynd 1 má sjá að menntun kennara hefur lítið breyst á milli ára.

Kennarar hafa verið duglegir að sækja styttri námskeið á vegum eða í samvinnu við fagfélög.

Kynjaskipting meðal kennara MB hefur verið ójöfn þar sem færri karlmenn en konur hafa kennt við skólann þau ár sem hann hefur starfað.

3.1.2 Nemendur

Þeir nemendur sem innritast í MB eru í flestum tilfellum með lögheimili í Borgarbyggð eða um 75% nemenda. Hér fyrir neðan má sjá tölur um fjölda nemenda á hverri braut fyrir sig eftir önnum.



Mynd 2. Fjöldi nemenda eftir brautum.


Á mynd 2 má sjá að nemendafjöldi á hverri námsbraut skólans er breytilegur á milli anna en flestir nemendur eru á félagsfræðibraut skólans.

Skipting nemenda í Menntaskóla Borgarfjarðar eftir kynjum er 43% drengir og 57% stúlkur.

3.2 Kannanir

3.2.1 Kennslumat

Vegna dræmrar þátttöku í kennslumati (í kringum 40% undanfarin ár) var tekin sú ákvörðun að leggja ekki fyrir nemendur kennslumat í sömu mynd og áður hafði verið. Haldið var áfram með matsfundina en í stað þeirra átta spurninga sem áður voru notaðar í kennslumatinu var nú spurt aðeins um líðan nemenda. Sjá mynd 3.



Mynd 3. Líðan nemenda í skólanum

3.2.2 Viðhorfskönnun útskriftanema vor 2013, 2014, 2015, 2016 og 2017.


Framkvæmd

Á vorönn 2013, 2014, 2015, 2016 og 2017 var lögð viðhorfskönnun fyrir útskriftarnemendur skólans.


Nemendur voru beðnir að svara 17 spurningum sem vörðuðu m.a. nám í MB, framtíðaráform nemenda, samskipti og ýmsa þjónustu skólans. Könnunin var lögð fyrir alla útskriftarnema og var þátttaka 91% vorið 2013, 80% vorið 2014, 80% vorið 2015, 77% vorið 2016 og 88% vorið 2017.

Niðurstöður


1. Ætlar þú í framhaldsnám að loknu námi í MB?




2. Ertu búin(n) að gera upp hug þinn um hvaða nám þú ætlar að loknu námi í MB?




3. Hvernig heldur þú að námið í MB muni nýtast þér í áframhaldandi námi?




4. Hvernig finnst þér kennslukerfið Moodle?




5. Hvernig finnst þér heimasíða skólans?




6. Hvernig finnst þér matseðill mótuneytis?




7. Hvernig finnst þér þjónusta skrifstofu MB?




8. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar persónulega aðstoð?




9. Hvað finnst þér um námsráðgjöfina, það sem varðar námslega aðstoð?




10. Hvernig finnst þér yfirstjórn skólans vera?




11. Hvernig finnst þér samskipti við umsjónarkennara/umsjónartímar?




12. Hvernig finnst þér skólaandinn í MB?




13. Hvernig eru samskiptin þín við aðra nemendur?




14. Hvernig eru samskipti þín við kennara og annað stafsfolk?



15. Hvernig finnst þér kennararnir sem hafa kennt þér hafa verið?



16. Hefurðu verið virk(ur) í skipulögðu félagslífi NMB á skólatíma þínum?



17. Nemendur voru spurðir: “Hvaða einkunn gæfir þú MB (á skalanum 1 -10)? “

Niðurstöður voru þær að meðaleinkunn fyrir skólann var 7,81 (2013), 8,5 (2014), 8,8 (2015), 8,25 (2106) og 8,68 (2017).

3.2.3 Leiðsagnarmat í MB – hvernig hefur okkur miðað?

Á haustdögum 2007 hóf Menntaskóli Borgarfjarðar starfsemi sína. Strax við undirbúning skólastarfsins var ákveðið að fara aðrar leiðir hvað varðar námsmat. Stefnt var a því að taka upp leiðsagnarmat sem byggði á fjölbreyttum matsgögnum og jafnframt að leggja niður hefðbundin lokapróf í lok árs. Markmiðið var að meta vinnu og nám nemenda jafnt og þétt alla önnina og gefa nemendum endurgjöf á vinnuna á 4–5 vikna fresti. Með þessu móti vildum við veita nemendum og foreldrum þeirra nánari og tíðari upplýsingar um námsgengi nemandans. Ennfremur vildum við skapa skólanum sérstöðu, minnka brottfall og auka ábyrgð nemenda á námi sínu. Til þess að meta hvernig okkur hefur tekist til með notkun leiðsagnarmatsins var það skoðað sérstaklega á haustönn.

Framkvæmd

Viðhorfakönnun var lögð fyrir kennara skólans í október 2016 þar sem þeir voru spurðir 10 spruninga um leiðsagnarmat skólans. Til þess að fá fram hugmyndir og skoðanir nemenda á námsmati skólans var hópur nemenda fenginn til í að rýna í námsmatið. Rýnihópur nemenda í MB samanstóð af 12 nemendum bæði eldri og yngri. Kynjaskipting var jöfn, 6 strákar og 6 stelpur. Nemendur fengu spurningar rýnihópsins fyrirfram þannig gátu þeir mótað skoðun sína í huganum áður en hópurinn hittist til þess að ræða hugmyndir þeirra um námsmat í MB. Til samtalsins mættu 9 nemendur, 6 stelpur og 3 strákar. Svipuð könnun var gerð í mars 2009. Sjá heimsíðu skólans.

3.2.4 Gæðagreinar - (How good is our school?)

Vinna við endurskipulagningu gæðakerfis skólans hófst í haustið 2010 með því að teknir voru upp svokallaðir *Gæðagreinar* (e. *How good is our school?*).

Gæðagreinar eru hjálpartæki skóla til að svara spurningunum:

- Hvernig stöndum við okkur?
- Hvernig vitum við það?
- Hvað gerum við næst?

Gæðagreinar eru ennfremur notaðir sem hjálpartæki við að:

- finna sterkar hliðar
- finna þætti, þar sem leggja þarf áherslu á að viðhalda gæðum eða auka þau
- gera þróunaráætlanir í framhaldi af því
- gefa til kynna gæði skólans

Gæðagreinalíkanið byggir á því að skólastarfinu sé skipt upp í níu lykilþætti, sem flestir eru síðan greindir í tvo eða fleiri undirþætti. Markmiðið er að setja upp gæðaramma þar sem fram koma þeir þættir skólastarfsins sem skoðaðir eru hverju sinni. Skipta má gæðarammanum í þrjá meginhluta sem síðan skiptast í undirþætti. Meginhlutarnir eru: Velgengni og árangur skólans – Lífið og starfið í skólanum – Sýn skólans og forysta. Auk þessara þátta eru gerðar viðhorfस्कannanir meðal nemenda og starfsfólks, ásamt hefðbundnu kennslumati.

Á haustmánuðum 2015 var sett fram ný áætlun um sjálfsmat MB. Sjálfssmatsáætlunin er til ársins 2019 og þar kemur fram hvaða þættir skólastarfsins verða metnir hverju sinni.

Áætlun um sjálfsmat Menntaskóla Borgarfjarðar 2015 - 2019								
	Haut 2015	Vor 2016	Haut 2016	Vor 2017	Haut 2017	Vor 2018	Haut 2018	Vor 2019
Lykilþáttur						x		
1. Námið								
Gæðagreinir						x		
1.1 Námsbrautir						x		
1.2 Námsframboð/áfangar						x		GNOK
1.3 Námskröfur og reglur						x		
1.4 Ástundun og vinna nemenda						x		
Lykilþáttur:								
2. Þjónusta við nemendur				x				G
Gæðagreinir								Æ
2.1 Náms- og starfsráðgjöf				x				Þ
2.2 Skrifstofa				x				I
2.3 Tölvuþjónusta				x				
2.4 Upplýsingagildi heimasíðu				x				N
2.5 Mötuneyti				x				Á
Lykilþáttur:								M
3. Áhrif starfsfólks á skólasterfið	x							S
Gæðagreinir								O
3.1 Þátttaka starfsfólks í starfi skólans	x							G
Lykilþáttur:								K
4. Skólanámskrá			x					E
Gæðagreinir								N
4.1 Skólanámskrá			x					N
Lykilþáttur:								S
5. Mat á kennslu og námi		x						L
Gæðagreinir								U
5.1 Mat í þágu náms/leiðsagnarmat		x						
5.2 Mat á kennslu		x						
Lykilþáttur:								
6. Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál			x					
Gæðagreinir								
6.1 Stefnumótun/áætlanagerð			x					
6.2 Fjármál			x					
Lykilþáttur:								
7. Starfsmannastjórnun og stuðningur við starfsfólk							x	
Gæðagreinir								
7.1 Mönnun og ráðningar							x	
7.2 Starfsandi og verkaskipting							x	
7.3 Starfsþróun og starfsmannaviðtöl							x	
Lykilþáttur:								
8. Samstarf					x			
Gæðagreinir								
8.1 Foreldrar					x			
8.2 Erlend samskipti					x			
8.3 Innlend samskipti					x			
8.4 Nefndir og ráð					x			
Lykilþáttur:								
9. Viðburðir í skólasterfi	x		x					
Gæðagreinir								
9.1 Þemadagar	x		x					

3.2.5 Gæðagreinar á skólaárinu 2016 - 2017

Helst viðbót við í nýrri sjálfsmatsáætlun er gæðagreinir 9 – viðburðir í skólstarfi. Þessi gæðagreinir nýtist vel til að skoða og meta viðburði í skólstarfinu.

Matsfundir með þátttöku starfsfólks voru tveir á skólaárinu. Á haustfundinum skoðaði og mat starfsfólk fullyrðingar sem tengdust lykilþáttum 4 (skólanámskrá) og 6 (stefnumótun, áætlanagerð og fjármál) og gáfu þeim einkunnir. Aðstoðarskólameistari fór yfir niðurstöður og kynnti þær á starfsmannafundi. Í framhaldi af þeim fundi var unnin þróunaráætlun eða umbótaáætlun. Í þeirri áætlun koma fram hugmyndir að endurbótum og hverjir eru ábyrgðaraðilar þannig að unnið sé að endurbótum.

Á vorönn var einn matsfundur með þátttöku kennara og fyrirkomulag svipað þ.e. skoðaður lykilþáttur 2 (þjónusta við nemendur). Niðurstöður matsins voru kynntar á kennarafundi, ásamt tillögum að umbótaáætlun.

Lykilþáttur 4: Skólanámskrá – haust 2016

Skólanámskrá

Gæðagreinir 4.1

Vegin heildareinkunn 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Góð skólanámskrá
- ✓ Stöðug endurskoðun
- ✓ Metnaðarfull stefna og tillit til þarfa samfélagsins

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Taka tillit til skoðana nemenda
- ✓ Mætti vera meiri sveigjanleiki í námskránni

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Mynda rýnihóp nemenda sem þæla í skólanámskrá
- ✓ Að námskráin verði áfram í stöðugri endurskoðun með aðkomu þeirra sem málið varðar

Lykilþáttur 6: Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál – haust 2016

Þátttaka í stefnumótun og áætlanagerð

Gæðagreininir 6.1

Vegin heildareinkunn 4,5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Allir hafa tækifæri til að koma sínu á framfæri
- ✓ Gott aðgengi og allir óhræddir við að tjá skoðanir sínar
- ✓ Opnar umræður
- ✓ Samráðsfundir og samtal
- ✓ Hér ríkir opið og hreinskilið samtal á milli starfsfólks, stjórnenda og nemenda

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Það hafa ekki allir þor til að viðra sínar skoðanir
- ✓ Léleg þátttaka hagsmunaaðila t.d. foreldra
- ✓ Fleiri kennarahátíðir ☺
- ✓ Ekki allir samstarfsaðilar nýta tækifærin til að koma skoðunum sínum á framfæri

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Að halda áfram að hvetja alla til að koma sínum málum á framfæri
- ✓ Við þurfum að nýta okkur að við erum með ólögráða nemendur (að hluta) til að fá foreldra betur inn
- ✓ Halda áfram á sömu braut, samráð og spjall
- ✓ Upplýsa um tækifæri til áhrifa
- ✓ Undirbúa t.d. nemendur fyrir stefnumótunarfundi svo þeir geti lagt meira og betur ígrundað til starfsins

Lykilþáttur 6: Stefnumótun, áætlanagerð og fjármál – haust 2016

Fjármál

Gæðagreininir 6.2

Vegin heildareinkunn 4

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Fjárveitingar til skólans eru vel nýttar í kennslu
- ✓ Gott samráð og upplýsingaflæði
- ✓ Hver króna vel nýtt
- ✓ Allt í toppmálum

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Við nýtum vel það fjármagn sem við fáum en það er ekki nóg til að standast eðlilegar kröfur – framþróun. Þurfum meira fjármagn til þess að hafa meira svigrúm t.d. í nýbreytni í kennslu – þróun
- ✓ Erfitt að sjá meira en ár fram í tímann

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Að skólinn sé áfram rekinn á ábyrgan hátt
- ✓ Að fjárveitingar nýtist í þau verk sem skólanum er ætlað
- ✓ Meiri pening
- ✓ Að nýta allt umframfjármagn í bætta kennslu og þjónustu við nemendur
- ✓ Að rekstur skólans sé í góðum höndum og fjármagnið sé vel nýtt í starfsemi skólans

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2017 - 2018

Gæðagreinir nr.
 4.1 – Skólanámskrá

Markmið: Að skólanámskrá gefi skýra mynd af skólastarfinu. Að fleiri t.d. nemendur komi að gerð skólanámskrár.	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirlitssjón:
---	---	----------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Mynda rýnihóp nemenda sem þæla í skólanámskrá ✓ Gefa tíma til að móta skólanámskrána ✓ Að skólanámskráin sé lifandi plagg í stöðugri þróun	Stjórnendur Starfsfólk Skólastjórnendur	Við næstu endurskoðun Allar annir Allar annir	Gefa tíma til verksins Fagmennsku	Endurskoðun skólanámskrár

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2016 - 2017

Gæðagreinir nr. 6.1 –
 Þátttaka í stefnumótun og
 áætlanagerð

Markmið: Að allir hagsmunaaðilar komi að stefnumótun skólans.	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Halda "þjóðfund" með öllum hagsmunaaðilum ✓ Undirbúa nemendur betur undir stefnumótunarvinnu	Stjórnendur Stjórnendur og starfsfólk	Haustönn 2017 Vorönn 2017	Tími á sal skólans Gefa tíma til verksins	Niðurstöður fundar

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2016 - 2018

Gæðagreinir nr. 6.2
Fjármál

Markmið: Að upplýsingamiðlun varðandi fjármál skólans verði áfram góð Að hagnaður verði nýttur til hagsbóta fyrir starfsemi skólans	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Að starfsmenn séu upplýstir um fjárhagsstöðu skólans á hverju skólaári. ✓ Að nýta allt umframfjármagn í bætta kennslu, þjónustu við nemendu og almenna starfsemi skólans	Skólameistari/Fjármálastjóri	Á hverju skólaári.	Starfsmannafundir	

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur – vor 2017

Náms- og starfsráðgjöf

Gæðagreinir 2.1

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Gott viðmót, nemendum finnst gott að leita til námsráðgjafa
- ✓ Góð þjónusta við þá sem leita eftir aðstoð
- ✓ Allt í mjög góðu standi
- ✓ Góður námsráðgjafi

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Vantar nánara samstarf við sálfræðing
- ✓ Nemendur hafa ekki alltaf aðgang að náms- og starfsráðgjafa eins oft og þurfa þykir
- ✓ Engar

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Fjölga viðverudögum til að geta sinnt nemendum betur
- ✓ Halda áfram góðu starfi

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Skrifstofa

Gæðagreinir 2.2

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Við erum í góðum málum
- ✓ Gott aðgengi nemenda að skrifstofu
- ✓ Flest allt
- ✓ Einstaklega hlýlegt og gott viðmót skólafulltrúa við nemendur og starfsfólk
- ✓ Góður skólafulltrúa

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Engar

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Halda áfram góðu starfi

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur – vor 2017

Tölvuþjónusta

Gæðagreinir 2.3

Vegin heildareinkunn 3,5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Kerfin virka vel, gott viðmót
- ✓ Gott aðgengi að tölvumanni
- ✓ Viðmót er gott
- ✓ Inna. Moodle, samskipti og viðmót

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Netmálin
- ✓ Netmálin í vetur
- ✓ Net og tæknimál eru búin að vera í lamassessi, lítil þróun í tæknimálum
- ✓ Netkerfið

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Höfum ekki alveg forsendur til að segja til um aðgerðir
- ✓ Er verið að vinna í netinu
- ✓ Að tæknimálin séu yfirfarin reglulega og að skipulag sé gert varðandi tæki og tól
- ✓ Að við þróum okkur markvisst áfram í tækninni
- ✓ Meiri ákveðni í samskiptum við leigusala

Lykilþáttur 2: Þjónusta við nemendur

Upplýsingagildi heimasíðu skólans

Gæðagreinir 2.4

Vegin heildareinkunn 3,8

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Síðan er einföld og stílhrein
- ✓ Einföld og þægileg, notendavæn
- ✓ Nauðsynlegar upplýsingar eru á heimasíðunni
- ✓ Skýrar leiðir á heimasíðunni

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Síðan ekki uppfærð nógu oft
- ✓ Engar
- ✓ Fáar fréttir og sjaldan uppfært
- ✓ Litið sem hvetur okkur að fara inn á heimasíðuna

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Bæta uppfærslu reglulega
- ✓ Virkar fréttir og upplýsingar
- ✓ Vera duglegri að láta vita af fréttum
- ✓ Setja fréttir inn að lágmarki einu sinni í viku

Vegin heildareinkunn 5

Sterku hliðarnar okkar:

- ✓ Mjög góður matur, fjölbreyttur matur, allt æði
- ✓ Góður matur – vel skammtað, gott viðmót
- ✓ Mjög góður matur og gott verð
- ✓ Góður matur

Veiku hliðarnar okkar:

- ✓ Engar

Tillögur um aðgerðir:

- ✓ Að halda í matráðinn okkar
- ✓ Hafa áfram góðan og hollan mat í samræmi við heilsueflandi framhaldsskóla

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2017 - 2018

Gæðagreinir nr. 2.1
 Þjónusta við nemendur –
 Náms- og starfsráðgjöf

Markmið: Að auka þjónustu náms- og starfsráðgjafa Halda áfram góðu starfi	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Fjölga viðverudögum til að geta sinnt nemendum betur	Skólameistari	Þegar tækifæri gefst	Auka starfshlutfall	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2017 - 2018

Gæðagreinir nr. 2.2
 Þjónusta við nemendur –
 Skrifstofa

Markmið: Að þjónusta skrifstofu verði áfram til fyrirmyndar Að nemendur og starfsfólk viti hvaða þjónustu skrifstofa skólans veitir	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón: LSÓ
--	---	---------------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Að upplýsa nemendur og starfsfólk um þjónustu skrifstofu skólans	Skólastjórnendur / skólafulltrúi	Haustönn 2017	Upplýsingabæklingur nýnema Handbók kennara	Skoða útgefna bæklinga. Viðhorfakönnun meðal nemenda.

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2017 - 2018

Gæðagreinir nr. 2.3
 Þjónusta við nemendur –
 Tölvuþjónusta

Markmið: Að nemendur hafi gott aðgengi að tölvuþjónustu Að netkerfi skólans séu í góðu lagi og geri sitt gagn	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Gera gagnagrunn með upplýsingum um netkerfið, salinn og tölvumál ✓ Innleiðing á nýjungum sé öllum tryggð með stöðugri eftirfylgni ✓ Hafa stöðuga eftirfylgni með netkerfi skólans	Tölvuumsjónarmaður Kennarar/tölvuumsjón Tölvuumsjónarmaður	Vorönn 2017 Haustönn 2018 Allar annir	Google drive	

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2017 - 2018

Gæðagreinir nr. 2.4
 Þjónusta við nemendur –
 Upplýsingagildi heimasíðu

Markmið: Að upplýsingagildi heimasíðu sé gott Að uppfærsla á heimasíðu sé regluleg	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
---	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Hafa ábyrgðaraðila sem setja inn efni á síðuna ✓ Hafa síðuna virkari – oftast fréttir og upplýsingar	Skólastjórnendur Kennarar/stjórnendur/ tölvuumsjón	Allar annir Allar annir		

Menntaskóli Borgarfjarðar
Aðgerðaráætlun 2016 - 2017

Gæðagreinir nr. 2.5
 Þjónusta við nemendur –
 Mötuneyti

Markmið: Að bjóða upp á hollan og næringargóðan mat Að hafa matseðil samkv. markmiðum heilsueflandi skóla	Hvernig vitum við að því er náð?	Yfirumsjón:
--	---	--------------------

Hvað þarf að gera:	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
✓ Halda í matráðinn okkar ✓ Hafa áfram góðan og hollan mat í samræmi við heilsueflandi framhaldsskóla	Skólameistari Matráður	Vorönn 2017 Allar annir		

3.2.6 Matsfundir

Haustið 2011 var tekin upp sú nýbreytni að halda matsfundi með nemendum. Tilgangurinn var að fá betri sýn á hvern áfanga fyrir sig og leyfa nemendum að koma sinni skoðun betur á framfæri við skólastjórnendur (e. Listening to Students' Voices). Með því að nota þessa aðferð teljum við að við fáum raunhæfari mynd af skólastarfinu og þessi leið yrði skilvirkari en hefðbundið kennslumat.

Framkvæmd:

Matsfundirnir voru haldnir án þess að kennarinn væri viðstaddur. Fundirnir bæði á haust- og vorönn voru framkvæmdir af aðstoðarskólameistara.

- Í byrjun fá nemendur miða í hendur þar sem þeir skrá niður eitt til tvö atriði um það sem þeim þætti jákvætt við áfangann og eitt eða tvö atriði sem mættu betur fara í áfanganum. Sérstaklega tekið fram að nemendur gætu sagt “pass” ef þeir hefðu ekkert sérstakt að segja.
- Áður en byrjað var, var tilgangurinn með verkefninu útskýrður sem er að bæta skólastarfið og gefa nemendum tækifæri á að koma skoðunum sínum milliliðalaust til skólastjórnenda.
- Nemendur látnir vita hvert framhaldið yrði, þ.e. að kennarinn fengi niðurstöðurnar (nafnlausar) á fundi með skólastjórnendum.

Úrvinnsla niðurstaðna:

Eftir að öllum matsfundum var lokið voru niðurstöðurnar dregnar saman fyrir hvern áfanga. Var viðkomandi kennari kallaður á fund til skólastjórnenda eins fljótt og hægt var þar sem niðurstöðurnar voru kynntar og fékk hann allar athugasemdir nemenda útprentaðar. Farið var yfir hvernig matsfundurinn gekk fyrir sig, að orðalag væri ekki ritskoðað og þær athugasemdir sem oft voru nefndar væru feitletraðar. Í samtölum við kennara kom fram þeirra upplifun af matsfundunum. Kennarar virtust almennt ánægðir með þessa fundi og voru nokkuð vissir um að niðurstöðurnar gæfu þeim betri mynd af kennslunni.

3.2.7 Starfsmannakönnun – apríl 2017


Á vorönn 2017 var lögð fyrir viðhorfakönnun fyrir starfsfólk MB. Könnun sem þessi hefur ekki verið gerð áður við Menntaskóla Borgarfjarðar og því ekki kominn samanburður milli ára. Starfsfólk var beðið um að svara 16 spurningum sem vörðuðu m.a. viðhorf til starfsins, vinnustaðarins, starfsanda og stjórnenda. Spurningarnar voru byggðar á sambærilegri könnun sem framkvæmd var í Borgarholtsskóla vorið 2016.

Könnunin sem var rafræn var lögð fyrir 20 starfsmenn en 16 starfsmenn svöruðu og svarhlutfallið var því 80%. Vitað er um tvo starfsmenn sem gátu ekki svarað könnuninni af tæknilegum ástæðum. Taka verður til greina í viðhorfakönnun sem þessari að starfseiningin er fámenn og álit hvers og eins hefur mikið vægi.

Viðhorfakönnunin sýnir að yfir 80% eða 13 einstaklinga líði vel í vinnunni, séu ánægðir með vinnuaðstæður sínar, þeim gangi vel að vinna með samstarfsfólki sínu og starf þeirra skipti máli fyrir skólann í heild.

Mér líður vel í vinnunni

16 svör



Samkvæmt könnuninni er það álit svarenda að þeir fái hvatningu og hrós frá samstarfsfólki sínu og fái almennt tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.

Þegar spurt er hvort starfsfólkið sé ánægt með markmið skólans þá svara 44% eða 7 manns að þeir séu sammála eða mjög sammála fullyrðingunni en 25% eða 4 einstaklingar hvorki né.

Spurt var hvort stjórnendur gæfu starfsfólkinu tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið og segja 63% eða 10 manns að svo sé, 19% eða 3 einstaklingar hvorki né en aðrir eru því ósammála.

Starfsfólkið var spurt hvort það liti á MB sem framtíðarstarfsvettvang sinn, 37% eða 6 manns voru því sammála, enginn var því ósammála en 62,2% eða 10 manns svöruðu því sem hvorki né.

Stór meirihluti starfsfólks, 73,3% eða 11 manns taldi sig reyna að efla félagsandann og fannst nemendur bera virðingu fyrir skólanum.


Þegar spurt var hvort starfsfólkið væri ánægt með störf skólameistara svöruðu 31% eða 5 manns að þeir séu sammála eða mjög sammála þeirri fullyrðingu, 38% eða 6 manns segjast vera ósammála eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu og 31% eða 5 manns hvorki né.

Niðurstöður sýna að allir svarendur eða 16 manns eru mjög sammála eða sammála þeirri fullyrðingu að þeir séu ánægðir með störf aðstoðarskólameistara.

Þrátt fyrir að ekki komi allar hliðar viðhorfakönnunarinnar vel út þá svara 15 af 16 svarendum því að þeir séu sammála eða mjög sammála um að starfsandinn í skólanum sé góður

Starfsandinn í skólanum er góður

16 svör



Í kjölfarið á þessari viðhorfakönnun og niðurstöðum hennar var unnið að aðgerðaáætlun til að bregðast við þeim þáttum sem ekki komu nægilega vel út og verður unnið samkvæmt henni skólaárið 2017-2018 og áfram.

3.2.8 Skólasamningur - markmið

Markmið

Samkvæmt viðtalsplani Menntamálaráðuneytis átti að fara fram samtal á milli MMR og MB vegna markmiða í skólasamningi í desember 2016 en ekkert varð af þeim fundi. Á fundinum átti að ræða m.a. markmið skólastarfsins til næstu þriggja ára. MB hefur sett niður þrjú meginmarkmið en þau eru:

- Efla gæði náms – stefnumótun
- Endurskoðun námskrár – innihald áfanga og vægi innan brauta
- Kennsluhættir – sérstaða skólans

3.2.9 Stefnumótun

Samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, þar sem fjallað er um hvernig skólar skuli starfa, þá er þeim ætlað að fjalla um stefnu skólans og framtíðarsýn auk sérstöðu í eigin skólanámskrá. Þá segir að skólar skuli setja sér markmið sem byggjast á hlutverki þeirra og stefnu. Í október 2016 var haldinn stefnumótunarfundur þar sem starfsfólk kom saman til samræðu um fimm megin þætti skólastarfsins þ.e. sérstöðu skólans, samskipti og líðan nemenda,

framsækið skólastarf, fjarnám og námskeið og endurmenntun. Notast var við SVOT greiningu en sú greining byggir á að greina styrkleika, veikleika, ógnanir og tækifæri í umhverfi skólans. Þátttakendur mynduðu síðan hópa og greindu saman styrkleika og veikleika í innra umhverfi skólans og ógnanir og tækifæri í ytra umhverfi. Niðurstöður frá fundinum voru síðan notaðar til að undirbyggja frekari vinnu við endurskoðun á stefnu og markmiðum skólans, sérstöðu og framtíðarsýn.

Í stefnumótunarvinnunni komu fram ýmsar hugmyndir um aðgerðir til að fylgja eftir stefnu skólans í einstökum þáttum. Menntaskóli Borgarfjarðar er verkefnamiðaður skóli sem leggur áherslu á fjölbreytta kennsluhætti.

3.3 Skýrslur

3.3.1 Námsráðgjöf

Skýrsla námsráðgjafa 2016 - 2017 (sjá fylgiskjöl)

4 Samantekt og næstu skref

Vinna við sjálfsmat MB hefur gengið vel en betur má ef duga skal. Stöðugt er verið að leita leiða til að bæta og þróa skólastarfið. Næsta skref í þróun sjálfsmats Menntaskóla Borgarfjarðar er að endurskoða stefnu, markmið, sérstöðu og framtíðarsýn. Vinna við endurskoðun er þegar hafin og verður tekin upp á næsta skólaári. Áfram verður unnið með gæðagreina og þróunaráætlunum fylgt eftir.

5 Lokaorð

Öll starfsemi Menntaskóla Borgarfjarðar miðar að því að gera góðan skóla betri. Skólastarfið er í stöðugri þróun og allt starfsfólk skólans hefur lagt sitt af mörkum til að efla starfið enn frekar. Viðhorf kennara til sjálfsmats eru afar jákvæð og þeir eru mjög virkir í allri faglegri umræðu og sjálfsskoðun. Næsta skólaár verður áherslan á að endurskoða gæðagreina þannig að þeir endurspegli best starfsemi skólans.


Í þessari sjálfsmatsskýrslu er dregið saman það helsta sem gert hefur verið á skólaárinu 2016 – 2017. Sjálfsmatsskýrslan sjálf getur ekki orðið tæmandi úttekt á öllu starfi sem fram fer í skólanum sem tengist sjálfsskoðun, sjálfsmati eða tilraunum kennara og annarra starfsmanna til þess að bæta starf skólans. Hins vegar dregur hún upp ákveðna mynd af starfsemi skólans og sífelldri viðleitni til að bæta skólastarfið.

6 Fylgiskjöl


NÁMS-OG STARFSRÁÐGJÖF Í MENNTASKÓLA BORGARFJARÐAR SKÓLAÁRIÐ 2016-2017

Tölulegar upplýsingar

Á haustönn 2016 komu 57 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 86. Að auki voru fjölmörg viðtöl tekin símleiðis og eru þau ekki skráð sérstaklega. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á haustönn 2016.



Á vorönn 2017 komu 63 einstaklingar í viðtöl og voru þau samtals 78. Hér að neðan er sundurliðun á þeim hópi fólks sem sótti viðtöl á vorönn 2017.



Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa

Starfshlutfall náms- og starfsráðgjafa var 40% á skólaárinu 2016-2017.

Ástæður ráðgjafar

Flestir nemendur sem koma í viðtöl eru að leita sér upplýsinga um námið, námsframvinduna og námsáætlanagerð. Stór hópur nemenda kemur vegna persónulegra erfiðleika sem hafa mikil áhrif á nám þeirra s.s. vegna kvíða, sértækra námserfiðleika, erfiðleika í samskiptum o.fl. Fer þessi hópur stækkandi og eykst umfang þeirra mála jafnhliða. Nokkuð er um að fólk utan skólans komi í viðtöl til að fá nánari upplýsingar um skólann og möguleika þeirra á að hefja nám í MB.

Helstu verkefni náms- og starfsráðgjafa

Verkefni náms- og starfsráðgjafans snúast nánast eingöngu um viðtöl við nemendur en fræðsluþáttur náms- og starfsráðgjafa í skólanum er minni. Námsráðgjafi kennir lífsleikni sem er 5 vikna námskeið á haustönn í námstækni fyrir nýnema og annað 5 vikna námskeið fyrir útskriftarnemendur á vorönn þar sem megináherslan er lögð á starfsfræðslu.

- Flestir nemendur koma í viðtöl til að fá upplýsingar um námið sitt og námsframvinduna og fengu þeir aðstoð við að gera námsáætlanir, markmiðsetningu og að skipuleggja það sem eftir er af náminu. Námsráðgjafi leitast einnig við að aðstoða nemendur við að finna lausnir á hinum ýmsu persónulegu málum sem nemendur eru að glíma við, með því að vera í góðu sambandi við hina ýmsu sérfræðinga eins og sálfræðinga, hjúkrunarfræðinga, félagsráðgjafa o.fl. Einnig leita nemendur mikið til námsráðgjafa varðandi upplýsingar um annað nám þ.m.t. háskólanám og þá sérstaklega stúdentsefnin. Fyrirspurnir í gegnum tölvupóst og síma eru einnig nokkuð miklar.
- Námsráðgjafi heldur utan um allar greiningar nemenda og miðlar helstu upplýsingum til kennara um einstaka nemendur.
- Námsráðgjafi metur með nemendum þörf fyrir sálfræðiaðstoð sem skólinn í samstarfi við Stéttarfélag Vesturlands greiðir fyrir.
- Námsráðgjafi situr samráðsfundi með skólastjórnendum, kennurum, foreldrum, sálfræðingum o. fl.
- Gerir námáætlanir með nemendum, aðstoðar þá við skoðun áfanga, aðstoðar nemendur við að finna fjarnámsáfanga í gegnum Fjarmenntaskólann
- Námsráðgjafi fór, ásamt aðstoðarskólameistara og nemendum úr stjórn nemendafélagsins, í skólaheimsóknir í Grunnskólann í Borgarnesi, Varmalandsskóla, Kleppjárnsreykjaskóla, Heiðarskóla og Auðarskóla. Þar var skólinn kynntur og spjallað við nemendur í 10. bekkjum. Þessar heimsóknir er mjög mikilvægar því nauðsynlegt er að kynna skólann sem allra best. Þessum sömu nemendum var síðan boðið í heimsókn til okkar á vordögum sem var mjög vel heppnuð og gott fyrir væntanlega nemendur að „máta“ sig við skólann og kynnast aðstæðum betur og þá sérstaklega fyrir nemendur sem eru óöruggir í nýjum aðstæðum.

- Nokkrir útskriftarnemendur tóku áhugasviðspróf sem var hluti af lífsleikniáfanganum og unnu þeir með niðurstöðurnar hver í sínu lagi og komu í einstaklingsviðtal að því loknu.
- Að brautskráningu lokinni aðstoðar námsráðgjafi við hin ýmsu störf er tengjast frágangi skólaársins og innritun nýrra nemenda, ásamt því að taka viðtöl við fólk sem enn er ekki búið að ganga frá sínum málum varðandi áframhaldandi nám.

Skimun vegna brotthvarfs

Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur beitt sér fyrir aðgerðum til að draga úr brotthvarfi í framhaldsskólum og er samræmd skráning á brotthvarfi hluti af þeim aðgerðum og hefur námsráðgjafi haldið utan um þær skráningar við lok hverrar annar. Undanfarin tvö ár hefur námsráðgjafi lagt fyrir nýnema sérstakt skimunarpróf sem er til þess fallið að skima fyrir nemendum sem eru í brotthvarfshættu. Þeir nemendur, sem greindust í mestri brotthvarfshættu, voru boðaðir í viðtal til náms- og starfsráðgjafa þar sem unnið var á persónulegum grundvelli með hverjum og einum og þeim fylgt eftir með stuðningsviðtölum.

Borgarnesi 12. júní 2017

Elín Kristjánsdóttir, náms- og starfsráðgjafi